



# Rekstrarstöðvunartrygging

fyrir mjólkurframleiðendur innan Auðhumlu

Skilmáli E-27

Hér er um að ræða hóptrygging sem tekur til allra virkra félagsmanna Auðhumlu svf sem hafa lagt inn mjólk hjá félaginu á tryggingartímabilinu og eru með mjólkursöluleyfi. Nýir félagsmenn í Auðhumlu falla sjálfkrafa undir trygginggæverndina þegar þeir hafa lagt inn fyrstu framleiðslu sína hjá félaginu. Tryggingu lýkur ef félagsmaður gengur úr Auðhumlu og leggur mjólk sína inn annarsstaðar.

Í skilmálanum merkir hugtakið „félagið“ Vörður tryggingar hf.

Um trygginguna gilda tryggingarskirteinið ásamt áritun og sérskilmálum, skilmálar þessir, almennir skilmálar félagsins nr. AS-1 og ákvæði laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Ákvæði í skilmála þessum ganga framur ákvæðum í almennum skilmálum ef ekki er fullt samræmi þar á milli.

## Bótasvið

### 1. gr. Hvað bætir tryggingin?

Tryggingin tekur til:

- framlegðartaps sem tryggður verður fyrir á bótatímanum vegna samdráttar í mjólkurframleiðslu af völdum tjóns sem orðið hefur í fjósi tryggðs, sem brunatrygging húseigna, brunatrygging lausafjár eða foktrygging nær til. Tryggingarvernd rekstrarstöðvunartryggingar þessarar er bundin því skilyrði að slíkar tryggingar séu fyrir hendi þegar tjón verður.
- óhjákvæmilegs aukakostnaðar sem hinn tryggði verður fyrir á bótatímanum og beinlínis verður rakinn til þess að fjós tryggðs verður ekki notað vegna bótaskylds atburðar sem trygging þessi tekur til. Slíkur aukakostnaður er háður samþykki félagsins hverju sinni bæði er varðar fjárhæð og eðli útgjalda.
- framlegðartaps sem verður vegna salmonellusýkingar í gripum sem framleiða mjólk.

### 2. gr. Bótatími og biðtími

- Bótatími hefst á þeim tíma þegar staðfest er að tryggður atburður hefur átt sér stað.
- Bótatími vegna tjóns skv. 1.gr. a. er allt að 24 mánuðir. Framlegðartap og/eda aukakostnaður sem að öllu leyti eða að hluta verður á fyrstu 24 klukkustundunum frá því að rekstrarstöðvun varð bætist aðeins ef áhrif rekstrarstöðvunarinnar varir lengur en í 30 sólarhringa frá því atburðurinn varð.
- Bótatími vegna tjóns skv. 1.gr. c. er allt að 12 mánuðir. Framlegðartap bætist því aðeins að áhrif rekstrarstöðvunarinnar vari lengur en í 14 sólarhringa frá því atburðurinn varð.

### 3. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?

Tryggingin bætir ekki:

- aukið rekstrartap sem hlýst af verkbanni, verkfalli, vélarbilun, rekstrartöfum vegna endurbóta, stækkunar, fyrirmæla hins opinbera eða sambærilegra atvika.
- Aukið rekstrartap sem hlýst af almennum samdrætti í viðkomandi starfsgrein, eða vegna breytinga á markaðsstöðu tryggðs eða sökum fjármagnsskorts hans.

## Almenn ákvæði

### 4. gr. Hvað er tryggt?

Tryggingin tekur til framlegðartaps og aukakostnaðar eins og fram kemur í 1. gr.

**5. gr. Hver er tryggður?**

Tryggðir eru allir félagsmenn Auðhumlu sem leggja inn mjólk hjá félaginu á tryggingartímabilinu.

Tryggingin er ekki til hagsbóta fyrir aðra aðila svo sem veðhafa eða nýjan eiganda hins tryggða. Tryggingin fellur brott við eigendaskipti að hinu tryggða.

**6. gr. Hvar gildir tryggingin?**

Sé ekki annars getið tekur tryggingin aðeins til tjóns sem verður á þeim stað þar sem mjólkurframleiðsla hinna tryggðu fer fram.

**7. gr. Tryggingarfjárhæð**

Tryggingarfjárhæð skal nema áætlaðri brúttóveltú tryggðra félagsmanna vegna mjólkurframleiðslu fyrstu 24 mánuðina eftir upphaf bóatímans.

Með brúttóveltú er átt við bókfærða sölu vegna mjólkurframleiðslu auk opinberra beingreiðslna sé um þær að ræða að frádregnum virðisaukaskatti.

**8. gr. Takmörkun framlegðartaps**

- a. Ef tjón verður er tryggðum skylt, að svo miklu leyti sem honum er unnt að koma í veg fyrir og takmarka áhrif tjónsins þ.m.t. að leitast við að halda áfram mjólkurframleiðslunni í því skyni að koma í veg fyrir eða takmarka framlegðartapið.
- b. Vátryggðum er skylt að hafa samvinnu við félagið um ráðstafanir til að koma í veg fyrir framlegðartapið eða takmarka það, sbr. d lið 9 greinar.

**9. gr. Ákvörðun bóta**

- a. Tryggður á aldrei rétt á hærri bótum en með þarf til þess að bæta tjón það sem hann hefur orðið fyrir og tryggingin nær til.
- b. Bætur miðast við sama hlutfall af bótagrundvellingnum og samdráttur í brúttóveltú af völdum tjónsins á bóatímanum af áætlaðri brúttóveltú vegna mjólkurframleiðslunnar 12 eða 24 mánuði frá upphafi bóatímans. Með brúttóveltú er átt við bókfærða sölu vegna mjólkurframleiðslu auk opinberra beingreiðslna sé um þær að ræða að frádregnum virðisaukaskatti.
- c. Ef útgjöld sparast á bóatímanum lækka bætur að sama skapi. Sama gildir um opinbera styrki sem tryggður kann að eiga rétt á.
- d. Samkvæmt samkomulagi við félagið er greiddur eðlilegur kostnaður vegna ráðstafana skv. 8. gr. en þó því aðeins að þær hafi áhrif á bóatímanum og jafnframt með þeim fyrirvara að heildarbætur félagsins þ.m.t. slíkur kostnaður verði ekki hærri en ef ráðstafanir hefðu ekki verið gerðar.

**10. gr. Varanleg rekstrarstöðvun**

- a. Hefjist atvinnurekstur tryggðs ekki að nýju eftir tryggingaratburðinn miðast bótafjárhæð við þann tíma, þó ekki lengri tíma en bóatímann sem eðlilegt má telja að liðið hefði þar til reksturinn gæti hafist aftur.
- b. Af þeirri fjárhæð sem þanniger reiknuð út greiðist einungis sá hluti er telja má til óhjákvæmilegs kostnaðar sem tryggður getur sannað að hann hafi lagt í.
- c. Hefjist reksturinn ekki að nýju af orsökum sem tryggður ræður ekki við greiðast bætur án tillits til ákvæðis gr. 10 b..

**Skilmálar þessir gilda frá 01.01.2025**